

Alþingi
v/ Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2019
Tilvísun: 2019100045

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðarsjóð, 243. mál

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis dags. 25. október sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Þjóðarsjóð, 243. mál. Um er að ræða endurflutt frumvarp nr. 434 frá 149. þingi en Fjármálaeftirlitið skilaði umsögn um frumvarpið þann 31. janúar 2019.

Vörslufyrirtæki

Í fyrri umsögn sinni lagði Fjármálaeftirlitið til að komið yrði á sambærilegu vörslufyrirkomulagi og tíðkast hjá rekstrarfélögum verðbréfasjóða skv. c kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, sem einnig má finna í frumvarpi til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. 341. mál sem nú er til meðferðar á Alþingi. Hlutverk vörsluaðila er ekki skilgreint í frumvarpinu né nær reglugerðarheimild ráðherra í 14. gr. frumvarpsins til þess að setja nánari ákvæði um hlutverk og skyldur vörslufyrirtækis sjóðsins. Fjármálaeftirlitið leggur til að horft verði til hlutverks vörslufyrirtækja skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 128/2011 til að skýra betur hlutverk og skyldur vörslufyrirtækja. Fjármálaeftirlitið telur rétt að vekja athygli á að átt er við hlutverk vörslufyrirtækis skv. framangreindum kafla í lögum nr. 128/2011 en ekki eingöngu vörslu og umsýslu fjármálagerninga í skilningi 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

Samkvæmt athugasemd við 4. gr. frumvarpsins er nú gert ráð fyrir því að stjórn sjóðsins semji við þrjá mismunandi þar til bæra aðila, til að annast áhættustýringu, eignastýringu og vörslu sjóðsins. Að mati Fjármálaeftirlitsins ber orðalag 4. gr. frumvarpsins ekki með sér að samið skuli við þrjá mismunandi aðila né að tryggt skuli að hagsmunatengsl á milli þeirra aðila séu ekki til staðar. Leggur Fjármálaeftirlitið til að kveðið verði skýrt á um framangreint í ákvæði 4. gr. frumvarpsins.

Áhættustýring

Líkt og að framan greinir gerir athugasemd við 4. gr. frumvarpsins ráð fyrir því að stjórn sjóðsins semji við þrjá mismunandi þar til bæra aðila, til að annast áhættustýringu, eignastýringu og vörslu sjóðsins. Fjármálaeftirlitið áréttar það mat Fjármálaeftirlitsins að orðalag 4. gr. frumvarpsins ber ekki með sér að samið skuli við þrjá mismunandi aðila né að hagsmunatengsl á milli þeirra aðila séu ekki til staðar og leggur til að kveðið verði skýrt á um framangreint í ákvæði 4. gr. frumvarpsins.

Þar sem vilji er til að öllum rekstri sjóðsins verði útvistað telur Fjármálaeftirlitið þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu, að áhættustýringu og eignastýringu verði ekki útvistað til sama aðila, til bóta. Telur Fjármálaeftirlitið slíkt takmarka hagsmunaárekstra sem myndast geta og auka sjálfstæði áhættustýringar gagnvart eignastýringaraðila. Slíkt fyrirkomulag er þó ekki gallalaust og mikilvægt er að stjórn sjóðsins sé vel meðvitund um kosti og galla slíks fyrirkomulags við eftirlit sitt með útvistunaraðilum sjóðsins.

Þá vekur Fjármálaeftirlitið athygli á því að umfjöllun um meginhlutverk og skyldur áhættustýringar er ekki að finna í frumvarpinu heldur er gert ráð fyrir því að ráðherra setji reglugerð um áhættustýringu sjóðsins. Fjármálaeftirlitið leggur til til að kveðið verði á um meginhlutverk og skyldur áhættustýringar í lögum um Þjóðarsjóð sem yrðu svo nánar útfærðar í reglugerð.

Fjárfestingarheimildir

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að samkvæmt athugasemd við 9. gr. frumvarpsins virðist sem gert sé ráð fyrir því að sjóðurinn fjárfesti í skuldabréfum og víxlum sem alþjóðastofnanir, ríkissjóðir, fylkisstjórnir og sveitarfélög erlendis gefa út. Í þessu samhengi vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á því að erlendis er ekki algilt að ríkisskuldabréf séu tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Þá vekur Fjármálaeftirlitið athygli á því að skuldsetning sjóðsins er takmörkuð við einn tíunda af eignum sjóðsins en vogun sjóðsins er ekki takmörkuð að neinu leyti í gegnum fjárfestingu í afleiðum þó óheimilt sé að stofna til hvers konar ótakmarkaðra skuldbindinga skv. 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Björk Sigurgisladóttir


Gunnar Þór Ásgeirsson